

Reykjavík 25.2.2020

## Fjarskiptahópur Ský, skýrsla stjórnar starfsárið 2020/2021

Aðalfundur hópsins var venju samkvæmt haldin samhliða aðalfundi Ský þann 27.02.2020. Sitjandi stjórn gaf kost sér til endurkjörs og var endurkjörin. Í stjórn eru eftirfarandi aðilar: Jón Ingi Einarsson, Jón Finnbogason, Elmar Freyr Torfason, Theodór Steinþórsson, Gunnar Ólafsson, Gunnar Hreinsson og Bergur Þórðarson. Starf hópsins var hefðbundið frameftir ári. Í fjarskiptahópnum eru í dag 155 meðlimir, sem er rúmlega 4% fækkun á milli ára. Þrátt fyrir þessa fækkun hafa þeir sjaldan verið fleiri, að sjálfsögðu er stefnan sett á að vinna þessa meðlimi til baka og gott betur en það. Stjórn hópsins hefur reynt hist að jafnaði einusinni í mánuði, utan undirbúningsfunda vegna hádegisfyrirlestra, þetta höfum við verið að gera til að skiptast á skoðunum varðandi málefni tengd fjarskiptum á Íslandi og erlendis, hvað er nýtt og hvað er að hverfa. En Covid19 faraldurinn breytti þeim hefðum ansi hressilega.

Þann 11. Mars 2020 stóð til að fjarskiptahópurinn myndi halda glæsilegann viðburð um Fjarskipti á hamfaratímum, viðfangsefnið var viðeigandi en í desember 2019 og Janúar/febrúar 2020 höfðu gengið yfir landið mikil óveður sem settu fjarskipta öryggi í ákveðið samhengi. Sem mjög áhugavert og viðeigandi hefði verið að fjalla um. Þessi fundur varð eitt fyrsta, ef ekki fyrsta, fórnarlamb Covid 19 hjá Ský og var frestað um óákveðinn tíma. Í millitíðinni dat botninn svolítið úr starfi stjórnar. Skv. hefð hefur fjarskiptahópurinn haldið 2 viðburði á ári, en útaf dotlu varð hann aðeins einn á árinu 2020, en viðburðurinn Fjarskipti á hamfaratímum var loks haldinn í breyttri mynd þann 26. Ágúst 2020, en til viðbótar við óveðrin í des 2019 og jan/feb 2020 fengum við aðeins heimsfaraldurs innsýn í starfsemi fjarskiptafélaga. Fyrirlesarar voru Magnús Hauksson frá 112. Halldór Guðmundsson frá Mílu og Helga Jóhannsdóttir frá Rarik.

Fjarskiptahópur Ský lítur björtum augum til framtíðar. Athygli á og mikilvægi fjarskipta er stöðugt að aukast og mikilvægi fjarskipta alltaf að koma betur og betur í ljós, ekki síst á tímum eins og þessum sem við lifum í dag. Og eitt af meginmarkmiðum fjarskiptahóps Ský er einmitt að auka athygli og áhuga á fjarskiptum í samfélaginu. Við viljum þakka Arnheiði og öðru starfsfólki Ský samstarfið í vetur og hlökkum til komandi árs.

F.h. stjórnar, Elmar Freyr Torfason.